

## **204. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**10. júní 2011, kl. 8:30 í Ráðhúsi Árborgar, Norðursal 3ja hæð.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. SOS/ SORPA.**

Stjórnsýslu og fjárhagsúttekt byggðarsamlaganna á höfuðborgarsvæðinu stendur enn yfir og ekki að vænta frekari upplýsinga fyrir en eftir sumarleyfi.

### **2. Umhleðslustöð.**

Framkvæmdastjóra falið selja gáma og hleðslusteina sem notaðir voru við umhleðslustöðina.

### **3. Tölfræði, magn af Suðurlandi 2010.**

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt á magni úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands árið 2010. Fyrirliggjandi tölur benda til þess að endurvinnsluhlutfall svæðisins sé að nálgast 45%.

### **4. Tölfræði, magn inn janúar til maí 2011.**

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt innvegens sorps á tímabilinu janúar – apríl. Vísbendingar eru um að sorpmagn sé að aukast aftur.

### **5. Orkugerðin ehf.**

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu fyrirtækisins. Framundan er fjárhagsleg endurskipulagning hjá Orkugerðinni ehf.

### **6. Söfnun hauggass á Kirkjuferjuháleigu.**

Drög að svarbréfi til Umhverfisstofnunar rædd, framkvæmdastjóra falið að ljúka bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.

### **7. Rekstaryfirlit janúar til apríl 2011.**

Rekstaryfirlit fyrir tímabilið janúar til apríl kynnt.

### **8. Bréf frá Árborg 17. maí.**

Fulltrúar SOS gerðu grein fyrir kynningarfundum um mögulega skrifstofuaðstöðu í húsnæði Sandvíkurskóla. Ekki lágu fyrir upplýsingar um verð. Stjórn telur ekki tímabært að taka afstöðu til málsins.

### **9. Grænt bókhald SOS.**

Grænt bókhald Sorpstöðvar Suðurlands bs. fyrir árið 2010 kynnt og samþykkt.

## **Önnur mál.**

Bréf UST frá 31. maí 2011 um hækkun gjaldskrár. Bréfið kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 10:26